

Fundargerð – 4. fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

Google Meet, 13. desember 2021

Mætt:

- Bára Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- Elín Ósk Hjartardóttir (ritari)
- Eygló Svala Arnarsdóttir (formaður)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)
- Hallfríður Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)
- Þorsteinn V. Einarsson (varamaður)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)

Dagskrá:

1. Umsagnir
2. Bekkjarfulltrúar
3. Fræðsla – staða mála
4. Símaleysi
5. Skólaráð – eitthvað að fréttu?
6. Dagskrá á nýju ári, ratleikur á Klambra?
7. Önnur mál

1. Umsagnir:

Skiluðum fyrr í mánuðinum umsögn foreldrafélagsins um aðgerðaráætlun menntastefnu Reykjavíkurborgar og umsögn stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundarstarf til Skóla- og frístundasviðs.

Þurfum að skila umsögn um skýrslu starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólakerfis fyrir 1. febrúar 2022. Munum fara betur yfir það á nýju ári þar sem lítil tími gefst nú fyrir jólin, tekið upp á stjórnarfundum um miðjan janúarmánuð.

- Skýrslan verður kynnt á morgun á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða. Fundinum verður streymt á facebook. Þórey mun setja inn link á facebook hóp Foreldrar barna í Hlíðaskóla í kvöld. Foreldrar geta þá einnig komið með athugasemdir.

2. Bekkjarfulltrúar:

Þórey og Eygló ætla að setja upp plan, munu fara í málið í janúar. Þarf að breyta kerfinu.

3. Fræðsla – staða mála:

Lítið að fréttu í fræðslumálum. Foreldrafélag ekki enn búið að fá fund, síðasta fundi frestað vegna covid smita sem komu upp. Lítið heyrst síðan. Mikil ánægja með fræðslu síðustu ára sem foreldrafélagið hefur kostað. Bæði frá foreldrum og nemendum. Þarf að koma í gegn.

Þórey býðst til að taka upp á skólaráðsfundi, ætlar að sjá hvort það gæti haft áhrif.

Fræðslan rædd, nokkrir punktar:

- Fræðslan þyrfti að vera betur sett upp og samríma fræðslu foreldrafélags og skóla. Lítið hægt að gera á meðan aðilar tala ekki saman. Væri jafnvel gott að setja upp skipulagða fræðslu eftir árgöngum.
- Einnig rætt um að fræðsla þyrfti kannski að vera “spontant”. Ef upp koma mál í ákveðnum árgöngum að jafnvel þurfi að bregðast við með fræðslu. Þörf fyrir fræðslu getur verið ólík milli árganga.

4. Símaleysi:

Lítið gerst og heyrst síðan á síðasta fundi. Þórey mun nefna á skólaráðsfundi, vill skólinn meira frá okkur? Planið var að keyra í gang 1. apríl.

5. Skólaráð – eitthvað að fréttu?

Símamál, fræðsla, sund, skóladagatal og einelti rætt þar.

Dagskrá á nýju ári, rattleikur á Klambra?

Góð mæting á aðventuhátíð, þó mest yngsta stigið. Þyrfti að gera eitthvað fyrir eldri stig. Spurning hvort hægt sé að setja upp ratleik á nýju ári á Klambratúni. Tökum upp á nýju ári. Spurning hvort hægt sé að virkja bekkjarfulltrúa meira.

Önnur mál:

- Þorbjörg sem var í foreldrafélaginu í fyrra bauðst til að hafa óskilamunamunadag, ætlar að reyna að ná því fyrir jóla. Mun vera í sambandi við okkur ef hún þarf auka hendur.
- Verkefni í vinnslu lítilla rædd, lítið gerst síðan á síðasta fundi. Nokkrir stjórnarmeðlimir með börn í einangrun eða í sóttkví vegna covid.

Næsti fundur verður 10. janúar kl. 17. Vonandi verður hægt að halda hann á BUS Hostel.

Fundi slitið.

Fundargerð samþykkt rafrænt.